

hefðarfrú, ef þú ekki skeytir neitt um trygð og samvizku—og að vera alla daga blekt og minna metin en hver eldabuskan. Þú ættir að skammast þín ! ”

“Maríanna ! ”

“Mig hryllir við þér ! Eg get ekki frá því sagt hvaða viðbjóð ég hefi á þér ræfillinn þinn !—

“Lofaðu mér að tala ! ”

“Getur sagt hvað sem þú vilt, ég trúi þér ekki lengur. Getur borið þig eins mannalega og þú vilt—þegar þú vilt sættast.—Mér líður dagurinn aldrei úr minni. Hann getur svikið, hann getur. Strax í tilhugalífinu, á meðan ástin er vanalega heitust hefir hann reynst þér ótrúr. Hefir verið barin þangað til hann var hálfdaður, og allur bærinn veit það. Næsta sinn færi hann varlegar að og þá hefði maður æððann bófa í húsinu, sem maður þyrfti altaf að vera á verði yfir.”

“Maríanna ! ” Hann reyndi að stökkva fram úr rúminu, en það brakaði í brotnu beinunum. Hann beit saman tönnunum, og á enni hans stóðu stórir svitadropar.

Hún horfði þeyjandi á hann eitt augnablik.

Hann sagði með hásum rómi : “Og þó mér hafi yfirsézt ! Hvað þú getur verið harðbrjósta ! Nú þegar ég er svo aumur og yfirgefinn.”

Hún gekk hratt aftur og fram um herbergið. Henni fanst hún verða að hljóða upp af sáraukanum, sem hennar eigin orð skildu eftir.—Og þegar hún staðnæmdist í horninu, sem var fjærst rúminu, snéri hún sér til hans og sagði róleg : “Ef þú ert saklaus hvernig gekk það þá til.?”

Hann kreisti ábreiðunna með hendinni og sagði : “Hamningjan góða, hvernig gekk það til ? Yfirkennarinn hélt afmælisveizlu og á heimleiðinni um nóttina langaði mig til að glettast við einhvern. Þegar ég svo kom að Grillbaumers húsinu datt mér í hug, þarna inni sefur stúlka, sem mætti gera bilt við, og ég klappaði á gluggan.”

“En að þú skyldir þekkja gluggann svo vel ! ”

(Niðurlag í næsta blaði)